

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 22. ágúst 2006 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 11⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Grunnskólinn

a) Ráðingarsamningur skólastjóra.

Fyrir fundinum lá ráðingarsamningur við Hildi Ingólfssdóttur þar sem hún er ráðin ótímabundinni ráðningu sem skólastjóri Höfðaskóla. Hreppsnefnd staðfesti ráðingarsamninginn.

b) Ráðning aðstoðarskólastjóra

Fyrir fundinum lá bréf Hildar Ingólfssdóttur, skólastjóra sem greinir frá því að auglýst hafi verið eftir aðstoðarskólastjóra og gerir það jafnframt að tillögu sinni að Elva Þórisdóttir verði ráðin í starfið. Tillaga skólastjóra var samþykkt.

c) Kennslutímafjöldi skólaárið 2006-2007.

Fyrir fundinum lá tillaga skólastjóra að kennslutímafjölda skólaárið 2006-2007. Í bréfinu er gerð grein fyrir áætlun um kennslutímafjölda. Samþykkt að heimilaður kennslutímafjöldi verði 360 skólaárið 2006-2007.

d) Bréf foreldra barna 1.-4. bekkjar um dagvistun.

Bréfið er undirritað af 14 foreldrum barna í 1.-4. bekk sem óska eindregið eftir því að Höfðahreppur bjóði upp á dagvistun fyrir börnin eftir að skóla lýkur á daginn. Samþykkt að fela sveitarstjóra, skólastjóra og formanni fræðslunefndar að útfæra lausn á málinu.

2. Bréf

a) SSNV v/dagskrá ársþings, dags. 10. ágúst 2006.

Með bréfinu er boðað til ársþings SSNV sem haldið verður 25. -26. ágúst nk. Bréfið var til kynningar.

b) Félagsmálaráðuneytis v/ staðfesting samþykta, dags. 20. júlí 2006.

Bréfið er tilkynning um að ráðuneytið hafi staðfest breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Höfðahrepps nr. 887/1999. Bréfið var til kynningar.

c) EBÍ v/ágóðahlutagreiðslu, dags. 10. júlí 2006.

Í bréfinu er gerð grein fyrir ágóðahlutagreiðslu EBÍ til sveitarfélagsins sem nemur 3.285.000 kr. sem er 0,73% hlutdeild í útgreiddum ágóðahluta. Bréfið var til kynningar.

d) Hallbjarnar Hjartarsonar v/ferðamála dags. 14. júlí 2006.

Í bréfinu bendir Hallbjörn á að rétt sé að koma upp sjóstangaveiði fyrir ferðamenn og vísar til þess að góður árangur hafi verið á Vestfjörðum af markaðssetningu á slíkum valkostum fyrir ferðamenn.

Erindinu var vísað til atvinnu- og ferðamálanefndar.

e) Félagsmálaráðuneytis v/nöfn sveitarfélaga dags. 11. ágúst 2006.

Í bréfinu er fjallað um nöfn sveitarfélaga og bent á að sveitarstjórn getur skv. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 ákveðið að breyta nafni sveitarfélags að fenginni umsögn örnefnanefndar en að slík nafnbreyting sé jafnframt háð staðfestingu ráðuneytisins.

Bréfið var til kynningar.

3. Fundargerðir:

a) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 13. júlí 2006.

Fundargerðin var samþykkt

b) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 20. júlí 2006.

Fundargerðin var samþykkt.

c) Fræðslunefndar, 10. júlí 2006.

Fundargerðin var samþykkt.

d) Fræðslunefndar, 17. júlí 2006.

Fundargerðin var samþykkt með fyrirvara um hluta 5. liðar.

e) Héraðsnefndar, 8. maí 2006.

Fundargerðin var til kynningar.

f) Héraðsnefndar, 5. júlí 2006.

Fundargerðin var til kynningar.

g) Héraðsráðs, 17. júlí 2006.

Fundargerðin var til kynningar.

h) Stjórnar Félagshjónustu A-Hún 5. júlí 2006.

Fundargerðin var til kynningar

4. Önnur mál.

Ekkert var bókað undir önnur mál

Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir

Adolf H. Bernsen
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)